

Minnisblað - 2104022

Til: Byggðaráðs

Frá: Sveitarstjóra

Efni: *Vinna við fjárhagsáætlun 2022 og 2023-2025.*

Dags.: 19. júlí 2021

Samkvæmt 62. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skal leggja tillögu að fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir eigi síðar en 1. nóvember. Sveitarstjórn skal fjalla um þær á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Afgreiða skal tillöguna ekki síðar en 15. desember.

Samkvæmt 32. samþykktar um stjórn sveitarfélagsins Dalabyggðar nr. 391/2018 semur byggðaráð drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur þau fyrir sveitarstjórn. Þá er nánar kveðið á um fjárhagsáætlun í 58. og 59. grein samþykktarinnar:

58. gr.

Afgreiðsla og form fjárhagsáætlunar.

Sveitarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Byggðarráð leggur samkvæmt 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga tillögu um fjárhagsáætlun fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Sveitarstjórn skal fjalla um hana á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu sveitarstjórnar skal afgreiða tillöguna, þó ekki síðar en 15. desember ár hvert.

Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarfélagsins og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins. Sveitarstjórn skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála fjárhagsáætlun innan fimmtán daga frá afgreiðslu hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun.

59. gr.

Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.

Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 57. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. Sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélagsins á fjárhagsáætlunum.

Óheimil er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar sveitarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnarinnar.

Lagt er til að verklag verði eftirfarandi:

- Áherslur í fjárhagsáætlun, sérstaklega m.t.t. fjárfestinga, rædd í nefndum í apríl til júní. Þessi umræða hefur þegar farið fram.
- Sveitarstjóra verði falið að vinna fyrstu drög að fjárhagsáætlun sem lögð verði fyrir fund í byggðaráði 23. september. Gera þarf ráð fyrir aukafundi í byggðarráði í september til að fjalla um drögin á meðan þau eru á vinnslustigi.
- Tillagan sem yrði lögð fram 23. september myndi byggja á rekstri yfirstandandi árs og stefnumótun sveitarstjórnar, auk þess að taka með þau verkefni sem hefur verið vísað til fjárhagsáætlunarvinnunnar.
- Drög að tillögu fari eftir 23. september til umræðu í nefndum. Nefndirnar skila ábendingum/tillögum til byggðarráðs. Einnig verður svigrúm fyrir vinnufund sveitarstjórnar í október. Þær viðbótar áherslur og breytingar sem nefndir og sveitarstjórn myndi vilja sjá kæmu þá inn.
- Á fundi byggðarráðs 21. október afgreiði byggðarráð tillögu að fjárhagsáætlun til sveitarstjórnar.
- Haldinn aukafundur í sveitarstjórn 28. október þar sem tillaga að fjárhagsáætlun verði lögð fram til fyrri umræðu. Á undan sveitarstjórnarfundinum yrði kynningarfundur þar sem farið yrði yfir innihald tillögunnar.
- Í nóvember yrði tækifæri til að fara aftur yfir tillögu að fjárhagsáætlun. Rétt er að halda opnum þeim möguleika að taka tillögu að fjárhagsáætlun til aukaumræðu á fundi sveitarstjórnar 11. nóvember. Einnig þarf að ákveða sem fyrst ef ætlunin er að halda íbúafund milli umræðna.
- Breytingartillögur yrðu afgreiddar til sveitarstjórnar á fundi byggðaráðs 25. nóvember. Ef mögulegar breytingartillögur verða umfangsmiklar yrði haldinn kynningarfundur á undan fundi sveitarstjórnar til að fara yfir þær.
- Fjárhagsáætlun yrði síðan afgreidd af sveitarstjórn á fundi 9. desember að lokinni síðari umræðu.